

Mál nr. 157/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Vátryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7. maí 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 24. júní 2025, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 30. júní 2025.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 11. júlí 2025, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að 20. nóvember 2024 hafi hitaelement vegna blásara frostsprungið með tilheyrandi vatnsleka í húsnaði M. Fyrr um daginn hafi starfsmaður X skrúfað fyrir heitavatnsinntakið til þess að hreinsa síu en ekki gætt þess að slökkva á blásarasamstæðu með þeim afleiðingum að kalt útiloft fór í gegnum hitaelementið með fyrrgreindum afleiðingum. M telur að orsök tjónsins geti einnig verið sú að hitaelementið fór að leka vegna yfirþrýstings þegar starfsmaður X hleypti aftur vatni á húsnaðið. M telur orsökina vera fyrirvaralaus lokun á heitu vatni af hálfu X sama dag, án tilkynningar til húseigenda, þvert á eigin reglur og loforð. Ef M hefði verið látinn vita hefði verið brugðist við og ráðstafanir gerðar til að koma í veg fyrir að tjón yrði vegna lokunar á heitavatnsinntakinu. Hefði starfsmaður X farið eftir leiðbeiningum, hefði ekkert tjón orðið. Þá vísar M til laga um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991, reglugerðar nr. 488/2021 og úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 6/2021 máli sínu til stuðnings.

V hafnar bótaskyldu og bendir á eigandi í iðnaðarbili við hlið iðnaðarbils M hafi kvartað undan þrýstingsleysi á heita vatninu og óskaði eftir hreinsun á síunni. Þegar starfsmaður X kom á vettvang, hafi m.a. starfsmenn leigutaka hjá M verið á staðnum og gerðu enga athugasemd við að lokað yrði fyrir heitavatnsinntakið. Töluverð óhreinindi voru í síunni og þurfti að skola hana vel. Stóð vinnan yfir í hálf tíma og hleypti starfsmaður X svo vatninu á húseignina rólega og samkvæmt hefðbundnu verklagi. Vísar V til þess að orsök tjónsins sé ósönnuð. Engin gögn hafi verið lögð fram í málinu sem staðfesti orsök þess að hitaelementið bilaði. Af fyrirliggjandi gögnum sé ekki talið sannað að tjón á húseign M verði rakið til saknæmrar og ólögsmætrar háttsemi X. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021 sé það á ábyrgð eiganda að komið sé upp búnaði til að grípa inn í ef viðkomandi hitakerfi þolir illa rekstrarstöðvun. Að lokum bendir V á að samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna undanþiggur hitaveitan sig, að svo miklu leyti sem lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991 heimila, bótaábyrgð á tjóni, jafnt beinu sem óbeinu, sem rekja má til rekstrarstöðvana, frosts, bilana, þrýstibreytinga, takmarkana á afhendingu heits vatns eða annarra óviðráðanlegra atvika. að bilunin hafi verið ófyrirsjáanleg. Lögnin hafi verið í eðlilegu ástandi miðað við aldur, án skráðra bilana, og engin mistök starfsmanna séu sönnuð.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að sandur hafi borist í heitavatnslagnir í hverfinu, meðal annars í heimalögn hússins, og að X hafi daginn eftir tjónsatburð þurft að skola sand úr lögnum. Að hans mati hefði átt að tilkynna húseigendum og notendum um þessa hættu og minnkandi vatnsþrýsting svo gera mætti fyrirbyggjandi ráðstafanir. M bendir á að lokunin hafi verið framkvæmd af starfsmanni X í húsnaði hans án þess að hann eða ábyrgðaraðili væri viðstaddur, að hitaelementið hafi ekki bilað heldur verið eyðilagt af lokuninni, og að verklag X samræmist hvorki byggingarreglugerð né leiðbeiningum fagaðila. Þá vísar hann til úrskurðar nr. 6/2021 sem hann telur sambærilegan og gagnrýnir að sama verklag hafi verið endurtekið daginn eftir án þess að húseiganda væri tilkynnt.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að til þess að bótaréttur stofnist úr ábyrgðartryggingu X þurfi m að sanna að tjón hafi orðið vegna saknæmrar háttsemi hans. Ítrekað er að farið var eftir hefðbundnu verklagi. Það sé á ábyrgð húseiganda að tryggja búnað gagnvart rekstrarstöðvun, sbr. reglugerð nr. 488/2021. V hafnar því að sandur í síum stafi eingöngu af bilunum í lögnum. Ekki sé vitað til þess að bilun hafi valdið sandi í lögnum umrætt sinn. Telur V að úrskurður nr. 6/2021 eigi ekki við þar sem málsatvik hafi verið allt önnur.

Álit.

Ágreiningur aðila lýtur að því hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á fasteign M í nóvember 2024 þegar hitaelement í blásara sprakk af völdum frosts með tilheyrandi vatnsleka og tjóni á húsnæði M. Að mati nefndarinnar verður ekki talið að heita vatnið sjálft hafi verið haldið ágalla í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 25/1991 um skaðsemisábyrgð. Ekki verður því byggt á skaðsemisábyrgð í málinu. Til þess að X beri skaðabótaábyrgð samkvæmt almennum reglum þarf M að sýna fram á saknæma háttsemi eða vanrækslu af hans hálfu. Af gögnum málsins verður ráðið að starfmaður X lokaði fyrir heitt vatn í tengslum við síuhreinsun í húsnæði M að beiðni annars húseiganda. Ekki liggur fyrir að sú lokun hafi verið framkvæmd í andstöðu við viðurkenndar verklagsreglur eða með þeim hætti að hún teljist óforsvaranleg miðað við aðstæður. Þá liggur ekki fyrir að X hafi haft vitneskju um eða átt að gera sér grein fyrir því að búnaður í húsnæðinu væri sérstaklega viðkvæmur fyrir stuttri vatnslokun eða að frosthætta væri slík að sérstakar ráðstafanir væru nauðsynlegar. Loks er ósannað hvað nákvæmlega olli því að hitaelementið bilaði og fór að leka. Með vísan til framangreinds verður ekki talið sannað að tjón á fasteign M verði rakið til atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á. Ber því að hafna kröfu um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 19. ágúst 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir